

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 7. maí 2025

Fyrirlesarar: Erla Dóris Halldórsdóttir sagnfræðingur, og Guðmundur Þórhallsson, kennari.

Efni: „Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi, glæsileg saga með döprum endi“.

Mættir: 64 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund og minntist í upphafi fundar nýlátins félaga, Vilhjálms Rafnssonar. Síðan kynnti hann fyrirlesara fundarins, sem að þessu sinni voru tveir, Erla Dóris Halldórsdóttir og Guðmundur Þórhallsson. Guðmundur rakti byggingarsögu spítalans og aðkomu danskra Oddfellowa að henni. Danski læknirinn og Oddfellowinn Carl Ehlers ferðaðist um Ísland og kynnti sér ömurlegt ástand holdsveikra. Spítalinn reis á met tíma, stærsta timburhús sem reist hefur verið á Íslandi, forsmíðað í Svíþjóð. Erla Dóris ræddi starfsemi spítalans og nóturlegt hlutskipti sjúklinganna með sögum af nafngreindum persónum. Spítalinn í Laugarnesi breytti miklu fyrir sjúklingana sem þar voru í ævilangri vist. Sagt var frá síðustu sjúklingunum sem fluttir voru annað þegar þeim fækkaði. Örlög hússins urðu þau að Bretar hertóku það og höfðu sér til gagns í byrjun heimstyrjaldar og 3 árum eftir það þegar bandaríkaher hafði yfirtekið húsið varð eldur laus í því og brann það til grunna. Minningarskjöld er að finna á hluta húsgrunnsins í Laugarnesi sem heldur á lofti þessari sögu og hlut Oddfellowa í brýnu átaki gegn líkþránni. Fyrirlesarar svöruðu spurningum fundarmanna, sem gerðu góðan róm að fundarefni og flutningi þess.

Fundi slitið kl. 17:00.